

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 177/2021

frá 11. júní 2021

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/739 frá 3. júní 2020 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/54/EB að því er varðar að bæta SARS-CoV-2 við skrána yfir líffræðilega áhrifavalda sem vitað er að valda sýkingu í mönnum og um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1833 ⁽¹⁾.
- 2) XVIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við 15. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/54/EB) í XVIII. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32020 L 0739:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/739 frá 3. júní 2020 (Stjtið. ESB L 175, 4.6.2020, bls. 11).“

2. gr.

Texti tilskipunar (ESB) 2020/739, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistöku-

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 175, 4.6.2020, bls. 11.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

degi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem tekur tilskipun (ESB) 2019/1833 ⁽²⁾ upp í EES-samninginn, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

⁽²⁾ Verður birt.